



Félag náms- og starfsráðgjafa

M A R S 2 0 1 6

F
R
É
T
T
A
M
O
L
I

Frá seinasta stjórnarfundum...

- Margrét fer fyrir hönd FNS á fund norrænu náms- og starfsráðgjafa samtakanna í apríl. Við hlökkum til að heyra hvað er að fréttu af vinum okkar á Norðurlöndunum.
- Íslandsmót iðn- og verkgreina verður haldið í Laugardalshöllinni 29. sept. til 1. okt. 2016. Samhliða mótinu verður haldin framhaldsskólakynning, nánari upplýsingar munu berast þegar nær dregur.
- 10 ár eru síðan siðareglur FNS voru gerðar. Það er kominn tími til að endurskoða þær. Siðanefnd mun skoða þetta frekar.
- Vinna við stéttarfélagsmálin er í fullum gangi og verður komin einhver niðurstaða úr þeirri vinnu á aðalafundi 2016.
- International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG) mun halda áhugaverða ráðstefnu í Madrid, 15. til 18. nóvember 2016. Titill ráðstefnunnar er: Prompting equity through Guidance: Reflection, Action, Impact. Gaman væri ef félagsmenn FNS myndu fjölmenna á þessa ráðstefnu.
- Hægt er að lesa fundargerðir stjórnar á fns.is.

Aðalfundur félagsins verður haldin

föstudaginn 29. apríl.

Ef þú hefur áhuga á að starfa í félaginu hafðu þá endilega sam-

band: fns@fns.is

Fræðslunefnd...

Fræðslunefnd skipulagði áhugaverða kynningu á Vinnumálastofnun þann 11. mars sl. Um 50 ráðgjafar mættu og kynntu sér starfssvið náms- og starfsráðgjafa hjá stofnuninni. Eftir kynninguna var tími fyrir spjall og hægt var að njóta ljúffengra veitinga sem Vinnumálastofnun bauð upp á.

Næsti viðburður verður í maí. Heyrst hefur að um gæti verið að ræða rútuf-erð austur fyrir fjall.

Nánari upplýsingar koma síðar.